

Nefndarálit

um frv. til l. um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson, Margréti Erlendsdóttur og Þór G. Þórarinsson frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Viggósson frá Sjónstöð Íslands, Kristinn Halldór Einarsson og Ólaf Haraldsson frá Blindrafélaginu, Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Friðgeir Jóhannesson frá Daufblindrafélagi Íslands, Halldór Sævar Guðbergsson frá Öryrkjabandalagi Íslands og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd. Þá hafa borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Blindrafélaginu, Öryrkjabandalagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Daufblindrafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Blindrabókasafni Íslands.

Í frumvarpinu er kveðið á um stofnun sérstakrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Til þessa hafa þau verkefni sem heyra skulu undir miðstöðina samkvæmt frumvarpinu verið á forsvari þriggja ráðuneyta, þ.e. heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis auk félags- og tryggingamálaráðuneytis. Lagt er til að þessi nýja stofnun heyri einungis undir síðastnefnda ráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar verður að veita blindum, sjónskertum og daufblindum einstaklingum þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar með það að markmiði að auka möguleika þeirra til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Þá skal stofnunin m.a. einnig gegna samhæfingarhlutverki og vera þekkingarmiðstöð sem aflar og miðlar þekkingu og leitast við að auka skilning á aðstæðum blindra, sjónskertra og daufblindra.

Stofnunin yfirtekur m.a. starfsemi Sjónstöðvar Íslands, Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, en auk þess mun hluti af starfsemi Blindrabókasafns Íslands heyra undir hina nýju stofnun. Starfsmönnum þar verða boðin áframhaldandi störf.

Nefndin fagnar framkomnu frumvarpi og telur það mjög til bóta fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Þá telur nefndin jákvætt að daufblinda sé nú í fyrsta sinn skilgreind sem sérstök fötlun en ekki samþætting tveggja fatlana eins og hefur verið. Frumvarpið hefur verið unnið í góðri samstöðu og samstarfi við hlutaðeigandi aðila og varð nefndin vör við mikla ánægju með þau vinnubrögð, m.a. hjá Blindrafélaginu og Daufblindrafélaginu sem höfð voru með í ráðum frá upphafi. Telur nefndin mikilvægt þegar unnið er að lagasetningu sem móta á þjónustu við fatlaða að sem flestir séu fengnir að borðinu og unnið sé í samstarfi við hagsmunasamtök og þá aðila sem málið varða. Þannig er hægt að setta sjónarmið ef með þarf og nýta þá reynslu og þekkingu sem skapast hefur ásamt því sem tryggt er að þjónustan taki mið af þeim sérþörfum sem fatlaðir kunna að hafa.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forstjóri hinnar nýju stofnunar skuli hafa lokið háskólaprófi og hafa menntun og reynslu sem nýtist í starfi stofnunarinnar. Nefndin telur ekki ástæðu til að gerð sé skilyrðislaus krafa um háskólapróf, enda geti þekking, reynsla og starf

að málefnum blindra, sjónskertra og daufblindra nýst allt eins vel. Leggur nefndin því til breytingar þess efnis.

Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að auka mætti aðkomu menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis að rekstri stofnunarinnar. Telur nefndin eðlilegt að verkefnið sé vistað hjá einu ráðuneyti en bendir jafnframt á að stofnuninni er ætlað viðamikil hlutverk sem fer inn á málefnasvið fleiri ráðuneyta. Með því að ráðuneytin tilnefni fulltrúa í samráðsnefnd stofnunarinnar telur nefndin þó tryggt að faglega verði farið með þau málefni sem kunna að skarast.

Þá telur nefndin rétt að samráðsnefndin verði ráðherra einnig til ráðgjafar um gjaldtöku skv. 9. gr. Greinin kveður á um að stofnuninni sé heimilt að taka gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir skv. 4. gr. Þar er um að ræða viðamikil og fjölbreytt verkefni og leggur nefndin áherslu á að hófs sé gætt við ákvörðun gjalda. Nefndin áréttar jafnframt þann skilning sinn að ekki sé ætlunin að taka gjald fyrir þjónustu sem hingað til hefur verið gjaldfrjáls.

Komið var á framfæri við nefndina athugasemdum þess efnis að blindir, sjónskertir og daufblindir einstaklingar af landsbyggðinni ættu erfiðara um vik að nálgast þá þjónustu sem stofnunin veitir. Þá sé fötlun vegna blindu, sjónskerðingar og daufblindu fátíð og því erfitt að byggja upp þjónustu fyrir þennan hóp í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Með 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er stofnuninni veitt heimild til að gera þjónustusamninga við sveitarfélög og telur nefndin það mjög til bóta. Nefndin telur mikilvægt að reynt verði að jafna kostnað eftir föngum og að gætt verði jafnréttissjónarmiða og enn fremur að allir eigi greiðan aðgang að þjónustu stofnunarinnar.

Meðal þeirra verkefna sem stofnuninni er falið með c-lið 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. er að meta þörf og úthluta sérhæfðum hjálpartækjum. Það atriði er endurtekið í 8. tölul. og leggur nefndin til að sá liður falli brott.

Hvað varðar þá skyldu stofnunarinnar að halda skrá yfir blindra, sjónskerta og daufblinda áréttar nefndin þann skilning sinn að tilgangur skráningar sé að bæta þjónustu við hópinn, meta þörf fyrir þjónustu og halda til haga upplýsingum um þá þjónustu sem er veitt. Í gildandi lögum er til staðar sambærilegt ákvæði og því er ekki um að ræða eðlisbreytingu á skráningu.

Í nefndinni kom til umræðu að koma á formlegri tilkynningarskyldu stofnunarinnar vegna einstaklinga sem eigi bágð með eða eru ófærir um að stjórna ökutækjum vegna sjónskerðingar. Nefndin leggur þó ekki til breytingar þess efnis enda eðlilegra að kveða á um slíkt í umferðarlögum.

Frumvarpið miðar að því að gera þjónustu við blindra, sjónskerta og daufblinda heildstæðari þannig að hún sé sem mest aðgengileg á einum stað og að þar sé jafnframt tryggð sem best yfirsýn yfir aðstæður hópsins. Hér er um að ræða réttindamál, frumvarpið var unnið í samráði við hlutaðeigandi aðila og breið samstaða og sátt er um málið. Telur nefndin því eðlilegt að hraða afgreiðslu málsins eins og hægt er.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson, Jón Gunnarsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson,
form., frsm.

Ármann Kr. Ólafsson.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Helga Sigrún Harðardóttir.

Kjartan Ólafsson.

Árni Johnsen.